

Íbúaráð Laugardals 14. júní 2021: Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um lausar kennslustofur við Laugalækjarskóla - R21060141

Íbúaráð Laugardals óskar eftir skýringu á því hvers vegna borgin hefur afturkallað loforð sitt um að setja niður eina lausa kennslustofu við Laugalækjarskóla næsta haust. Þessari kennslustofu var ætlað að mæta því að skólinn er kominn yfir þolmörk vegna fjölda nemenda. Skólastjórnendur munu því að öllum líkindum þurfa að sameina bekki til að hafa húsnæði næsta vetur.